

um reiðvegi.

Flm.: Karl Kristjánsson, Jóhann Hafstein, Eggert G. Þorsteinsson, Björn Jónsson.

Alþingi ályktar, að ríkisstjórnin skuli fela vegamálastjóra að láta athuga, hvar nauðsyn krefur, að gerðir verði reiðvegir, og gera áætlun um kostnað við þá vegagerð á þeim leiðum, þar sem þörfin telst mest aðkallandi. Við athugun þessa verði leitað álit Landssambands hestamannafélaga.

Jafnframt láti ríkisstjórnin undirbúa fyrir næsta reglulegt Alþingi frumvarp til breytinga á vegalögunum, er geri ráð fyrir þessari vegagerð.

Greinargerð.

Árสปing Landssambands hestamannafélaga, sem haldið var á Akureyri dagana 5.—6. nóv. 1960, samþykkti eindregna ósk um, að Alþingi geri ráðstafanir til — og lögleiði, að komið verði á skipulegri reiðvegagerð, fyrst og fremst meðfram akvegum, þar sem fjölfarnast er á hestum og vélknúnum tækjum.

Við, sem flytjum þessa þingsályktunartillögu, teljum ósk ársþingsins réttmæta.

Það má furðulegt heita, að fyrir löngu skuli ekki hafa verið leitt í lög, að hið opinbera skuli annast lagningu reiðvega meðfram fjölförnustu akvegum.

Málið hefur áður komið fyrir Alþingi. Árið 1941 flutti Jónas Jónsson, þáverandi þingmaður Suður-Þingeyinga, svo hljóðandi tillögu til þingsályktunar í efri deild Alþingis:

„Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta gera rannsóknir og áætlun um, hve mikið mundi kosta að gera reiðvegi meðfram öllum helztu akbrautum landsins.“

Tillögunni var vel tekið og hún samþykkt með samhljóða atkvæðum nálega óbreytt.

En af framkvæmdum, er að gagni komu, varð því miður ekki.

Á þeim nálega tveim áratugum, sem liðnir eru, síðan þetta gerðist, hefur þörfin fyrir reiðvegina aukizt. Vélknúnu tækjunum á akvegum hefur stórkostlega fjölgað. Einnig hefur reiðhestaæign aukizt á síðustu árum í kaupstöðum og sumum sveitum og iðkun útreiða auðvitað að sama skapi. Fleiri og fleiri hverfa að því að eiga gæðinga sér til andlegrar og líkamlegrar hollustu. Er hvort tveggja: að fólk hefur betri efni á því en fyrr að eiga skemmtihesta og að risinn er áhugi á ný fyrir hestamenskunni. Fólk, sem komið er af léttasta aldri, finnur þar íþrótt við sitt hæfi, gófgandi og heilsusamlega. Æskan mætti snúa sér að þeirri tómstundagleði líka.

Hestar og vélknúin ökutæki samrýmast ekki á vegum. Veldur það oft og einatt gagnkvæmum farartálma og töfum. Af því stafar einnig slysaþætta, sem ekki verður komið í veg fyrir, að alltaf verður fyrir hendi, meðan akbrautin er eina leiðin. Víða hagar þannig til, að vegaskurðir og girðingar meðfram þjóðvegum fyrirbyggja, að unnt sé að víkja hesti út af vegi, þótt nauðsyn krefji umferðarinnar vegna.

Loks ber á það að líta, að hesturinn þolir illa hina grjótbornu akvegi. Hann þarf mjúkt undir fót, ef hann á að geta neytt kosta sinni og enzt án þess að veiklast í fótum um aldur fram.

Það fólk, sem leitar sér yndis og heilsuverndar með því að fara um landið á hestum, á heimtingu á hentugum leiðum fyrir sig eins og fólk, sem ekur í bílum.

Ekki verður heldur annað með sannri sagt en að hesturinn eigi það skilið af þjóðinni, að hún ætli honum götu, þó að breyttir séu tímar og hún sé ekki eins mikið upp á hann komin og áður var.

Reiðvegir þeir, sem tillagan er um að lagðir verði, munu að sjálfsögðu einnig léttu umferð með sauðfé og nautgripi. Þeim búpeningi er nú varla orðið vært sums staðar á þjóðvegum.

Mörg eru dæmi þess, að bílvegir hafa verið lagðir ofan í gamla vegi og jafnframt eyðilögð með girðingum og skurðum aðstaðan til að ferðast utan vegarins. Virðist ekki ósanngjarnt, að haft sé í huga við lagningu nýrra vega, að fleiri þurfa að komast leiðar sinnar en vélknúinir vagnar.

Reiðvegirnir þurfa ekki að vera vandaðir. Með þeim vegagerðartækjum, sem nú er völ á, má áreiðanlega leggja langa reiðvegi með litlum tilkostnaði. Verkfróðir menn telja, að víða muni sáralitlu þurfa til að kosta, svo að mikil umbót verði, sæmilegir hestavegir séu á mörgum stöðum nær sjálfgerðir. En það þarf að skipuleggja þá og gera þá samfellda. Hestamannafélögin á hverjum stað geta lagt til kunnugleikann við athugun vegstæðanna og skipulagninguna.

Bezt hefði auðvitað verið, að þetta hefði verið gert samhliða því, að akbrautirnar voru lagðar. En skeð er skeð, og ekki gagnar um að sakast. Nú er aðalatriði að draga ekki lengur að athuga, hversu mikið verk og kostnaðarsamt er hér um að ræða, og setja síðan skynsamlega löggjöf um framkvæmdir. Það felst í þingsályktunartillögunni og ekki annað.